

**Nd. 41. Frumvarp til laga [40. mál]**

um breyting á lögum nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga.

Flm.: Pétur Sigurðsson, Guðmundur J. Guðmundsson, Guðmundur Einarsson,  
Jóhanna Sigurðardóttir, Ólafur Þ. Þórðarson.

1. gr.

- 1) Í 3. gr. laganna 2. mgr. kemur nýr liður sem verði a-liður og hljóði svo:  
 $\frac{1}{4}\%$  af fasteignamati sumarbústaðalóða og mannvirkja á þeim, enda sé ekki um að ræða sumarbústaði sem notaðir eru til íbúðar allt árið.
- 2) a-liður 2. mgr. verði b-liður og núverandi b-liður verði c-liður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Mál þetta var flutt á síðasta þingi, en náði þá ekki fram að ganga og er því endurflutt. Eftirfarandi grg. fylgdi frv.:

Mikill fjöldi forustumanna ýmissa félagasamtaka hefur óskað eftir því við þingmenn, að þeir endurskoði þau ákvæði laga um tekjustofna sveitarfélaga sem fjalla um fasteignagjöld af sumarbústöðum.

Með vaxandi þéttbýlismyndun fer stöðugt vaxandi þörf almennings til útivistar í óspilltri náttúru.

Af þeim sökum hafa fjölmargir kaupstaðarbúar komið sér upp sumarbústöðum á undanförunum árum og eyða þar orlofi sínu og helgum yfir sumartímann. Nýting þessara eigna er hins vegar það lítil samanborið við heimili manna að fráleitt er að leggja á þau samsvarandi fasteignagjöld og íbúðarhúsnæði í þéttbýli. Með hliðsjón af því, að notkunartími þessara eigna er vart meiri en 3 mánuðir á ári og í flestum tilvikum styttri, þykir eðlilegt að fasteignagjöld af þessum eignum séu aðeins  $\frac{1}{4}$  af fasteignagjöldum af fasteignum í kaupstöðum.

Með þessar staðreyndir í huga telja flm. rétt að ákvæðum laga um tekjustofna sveitarfélaga verði breytt á þann veg sem lagt er til í frv. þessu.